

Ísafoldarprentsmiðja fer í umbúðaframleiðslu

-Stærsta fjárfesting í prentiðnaðinum eftir hrun

Ísafoldarprentsmiðja mun í nóvember taka í notkun hraðvirkustu og fullkornustu arkarprentvél landsins. „Þessi viðbót gerir okkur kleift að framleiða stærstu arkaprents-verkefnin og öll helstu umbúðaverkefnin í mestu mögulegum gæðum,“ segir Haraldur Þór Jónsson, sölu- og markaðs-stjóri.

Ísafoldarprentsmiðjan fagnar 135 ára afmæli á þessu ári með því að koma af fullum krafti inn á umbúðamarkaðinn.

Fullkornasta arkaprentvél landsins

„Við höfum gengið frá kaupum á nýrri arkaprentvél sem verður sú fullkornasta og hraðvirkasta á íslenskum prentmarkaði. Hún er einnig með stærsta prentformatinu á landinu. Vélin verður komin í gang í nóvember,“ segir Haraldur Þór Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Ísafoldarprentsmiðju. Hjá Ísafold er ávallt reynt að koma til móts við þarfir viðskiptavinna og eftir fjölda óska um umbúðaprentanir var ákveðið að fara í þetta stóra verkefni. „Þessi viðbót gerir okkur kleift að framleiða stærstu arkaprentsverkefnin og öll helstu umbúðaverkefnin í mestu mögulegum gæðum.“

Ábyrgur rekstur

Ísafold er eitt þeirra fyrirtækja sem státað geta af því að hafa farið í gegnum hrúð og kreppuna en standa enn á uppréttum fótum. „Við finnum fyrir því að fyrirtæki og einstaklingar vilja í auknum mæli skipta við þá sem hafa staðið sig í kreppunni og eru með ábyrgan rekstur. Við erum að fara í fyrstu stóru fjárfestingu prentiðnaðarins á Íslandi eftir hrun og sjáum mikil tækifæri fram undan. Þetta



„Við erum full tilhlökkunar að takast á við umbúðamarkaðinn og teljum okkur geta lækkað þar verð til frambúðar,“ segir Haraldur og hvetur alla umbúðanotendur til að hafa samband við Ísafoldarprentsmiðju.

MYND/ANTON

góða gengi má þakka starfsfólki Ísafoldarprentsmiðju sem hefur lagt mikla vinnu í að auka vöruframboðið og bæta þjónustuna. Það hefur skilað sér í fleiri viðskiptavinum og ánægðari. Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing.“

Lækkað verð til frambúðar

Haraldur segir fyrirtæki mun opnari fyrir því að skoða nýjar leiðir til hagræðingar í rekstri nú en áður. „Við höfum hlustað á okkar viðskiptavini og fundið ódýrari lausnir fyrir þá. Til dæmis höfum við náð frábærum árangri með nýjar lausnir í kiljum og bókum sem lækkað hefur verð til útgefenda á Íslandi til frambúðar. Það sama má segja um bæk-

PRENTAÐ Í 135 ÁR

Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877 og hélt því upp á 135 ára afmæli sitt á þessu ári. Daglega eru þar prentuð 90.000 eintök af Fréttablaðinu sem dreift er inn á heimili landsmanna. Þar eru leystar allar prentparfir fyrirtækja og reglulega prentuð dagblöð, fjölþóstur, bæklingar, tímarit, ársskýrslur, umbúðir, bréfsefni, umslög, nafnspjöld og fleira. Ísafoldarprentsmiðja er með umhverfisvottun Svansins og er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns í 7.000 fermetra húsnæði í Suðurhrauni 1 í Garðabæ.

inga og fjölþóst. Þar höfum við komið fram með nýjar tegundir af pappír sem skilað hefur lægra verði og dreifingarkostnaði. Við erum því full tilhlökkunar að takast á við umbúða-

markaðinn og teljum okkur geta lækkað þar verð til frambúðar,“ segir Haraldur og hvetur alla umbúðanotendur til að hafa samband við Ísafoldarprentsmiðju.

VIÐ PRENTUM



ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA



Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is



Tinna ekki úthýst

Sænska Kulturhuset í Stokkhólmi hefur dregið þá ákvörðun sína til baka að henda Tinnabókum út af bókasafni menningarhússins. Ákvörðunin olli miklu fjaðrafoki í Svíþjóð. Forráðamenn Kulturhuset vildu meina að í Tinnabókum mætti finna kynþáttafordóma í garð blökkumanna, araba og Tyrkja. Gagnrýndur þessarar ákvörðunar töldu að ef Tinni færi út af bókasafninu þyrfti einnig að fjarlægja Línu Langsokk og bentu á negratal hennar því til staðfestingar. „Lína lætur sig til dæmis dreyma um að eignast negra.“

Einnig var bent á bækur Enid Blyton um fimmmenningana þar sem skúrkar eru oftast sígaunar eða af öðrum dökkum kynstofni. Jafnvel Babar ætti ekki rétt á að fá sæti í bókahillu safnsins. Gagnrýndur þessarar ákvörðunar voru mjög á móti því að fólk væri matað á bókum eftir því sem forráðamönnum Kulturhuset þóknadist.

Herman Lindqvist, rithöfundur og blaðamaður, gekk svo langt að spyrja hvort Kulturhuset vildi ekki henda út Biblíunni, Kóraninum, heimssögunni og Shakespeare. „Út með Þúsund og eina nótt, Dostojevskij, Dumas, Strindberg, Rydberg og Topelius og Runeberg,“ segir hann meðal annars í grein í sænsku dagblaði sem vakti mikla athygli.



Fyrsta prentun á Íslandi

Elsta kunna heimildin um prentun á íslensku er í „Rechnungsbuch der Sunte Annen Broderschop der Islandsfahrer in Hamburg“ fyrir árið 1530. Hvort sem hér er vísun til prentunar bókar á íslensku eða á Íslandi er heimildin eldri en nokkur önnur sem enn er kunn.

Jón Arason, síðasti kaþólski biskupinn á Íslandi, flutti fyrstu prentsmiðjuna til landsins. Hún var staðsett á Breiðabólstað í Vesturhópi en var síðan flutt að Hólum í biskupstíð Guðbrands Þorlákssonar. Það er ekki full vísna um hvaða ár þetta átti sér stað en talið er að það hafi verið í kringum 1530. Um þetta leyti barst pappír einnig fyrst til landsins og gerbreytti það bókagerð þar sem kostnaður minnkaði til muna frá því sem var þegar skinnin voru allsráðandi.

Fyrsti prentarinn hér á landi er talinn hafa heitið Jón Matthíasson eða Mattheusson og verið kallaður hinn sænski. Hann prentaði eina bók á latínu, Breviarium Holense, á Hólum í tíð Jóns biskups Arasonar.

Tölvurnar breyttu öllu

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi prentsmiðja hérlandis. Hrun krónunnar hefur fært bókaprentun heim aftur.

Starfsemi prentsmiðja og störf prentara hafa tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og munar þar helst um tilkomu tölvutækninnar. Árni Sörensen, verkstjóri hjá Ísafoldarprentsmiðju, hefur starfað í greininni síðan árið 1966 eða í næstum því hálfa öld. Hann segir starfsemi prentara hafa gjörbreyst á þessum tíma. „Tilkoma tölvunnar í prentiðnaðinum hefur eðlilega gjörbreytt öllu umhverfinu. Þegar ég hóf störf árið 1966 var allt unnið með blýi. Þróunin var úr blýi yfir í filmur en núna er unnið í tölvum og sent í prentvélnar.“

Árni hóf störf eins og fyrr segir árið 1966 en stundaði nám á sama tíma í Iðnskólanum. Fyrstu árin starfaði hann hjá prentsmiðjunni Odda sem var á þeim tíma á Grettisgötu í Reykjavík en hefur um langt skeið starfað hjá Ísafoldarprentsmiðju í Garðabæ.

„Þrátt fyrir gríðarlega miklar breytingar í greininni undanfarna áratugi sem snúa að tækjum og vinnubrögðum hafa verkefni sem slík ekki breyst mikið. Við erum enn að prenta bækur, bæklinga og ýmsar aðrar vörur. Þegar ég byrjaði var þó ekki mikið um litaprentun en nú er auðvitað allt í lit. Svo hafa auðvitað afköstin margfaldast á þessum tíma enda



Árni Sörensen, verkstjóri hjá Ísafoldarprentsmiðju, segir margt hafa breyst í starfsemi prentsmiðja undanfarna áratugi.

vinnum við nú með öflugar tölvur og góðar prentvélar.“

Árni nefnir þó framleiðslu tveggja vara sem hafa aukist mikið undanfarin ár. „Við prentum miklu meira af auglýsingabæklingum en áður. Það var ekki mikið um þá hér áður fyrr en nú eru þeir stór hluti af starfsemi okkar. Einnig má nefna kiljur en framleiðsla þeirra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár. Hér áður fyrr voru allar bækur innbundnar en það hefur mikið breyst.“

Prentsmiðjur hérlandis finna

minna fyrir samkeppni erlendis frá en fyrir 10-20 árum að sögn Árna. „Áður var algengara að bækur væru prentaðar erlendis en mér finnst það vera að breytast með hrúni krónunnar.“ Aðspurður um framtíðarhorfur í prentiðnaðinum segir Árni erfitt um slíkt að spá. „Mig óraði ekki fyrir þessum breytingum sem urðu á greininni þegar ég hóf störf árið 1966. Mér þykir þó líklegt að rafbækur og rafræn tímarit muni vaxa mikið en ég held nú samt að margir vilji líka hafa eitthvað til að fletta og skoða í höndunum.“



NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSADILUM BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

12% afsláttur hjá Osushi í Borgartúni og Pósthússtræti.*

Virkjaðu kreditkortíð þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS. Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

12%
afsláttur



*Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira

Anton Sigurðsson
tölvuverkfræðingur



UMHVERFISVOTTUÐ
PRENTSMIÐJA

1.000 nafnspjöld í startpakka
til að sigra heiminn

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.



Prentun frá A til Ö



Oddi – umhverfissvottuð prentsmiðja.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is



MERK JÓLABÓK
Bækur hafa alla tíð þótt vönduð og góð jólagjöf. Fjölmíðlar greina ítarlega frá mörgum bókum sem kallaðar eru jólabækur og birta kafla úr þeim. Fyrir fimmtíu árum var jólabókaflóð ekkert síður en í dag þótt færri bækur hafi verið gefnar út. Gaman er að rifja upp jólabækur þessa tíma, eða ársins 1962. Bókin Haugaeldar eftir Gísla Jónsson, ritstjóra í Winnipeg, vakti mikla athygli um þessi jól. Gísli var ættaður frá Háreksstöðum í Jökuldalsheiði og skrifar hann í bókinni um æskuheimili sitt og samtíðarmenn, jafnt á Íslandi sem í Kanada. Bókin er talin góð heimild um líf liðinna kynslóða sem ólust upp í afskekktari sveit á Íslandi og jafnframt lífið á slóðum vesturfara í Kanada. Bókin er 416 blaðsíður og kostaði þegar hún kom út 273 krónur. Hún var auglýst sem jólabók hinna vandlátu.



ALVEG BLEKAÐ
 Blek er blanda margvíslegra efna sem öll hafa mismunandi tilgang eftir tegundum bleks og framleiðendum. Þau innihalda oftast leysiefni, litarefni, trjákvöðu, smurolíu, yfirborðsvirk efni og fleira. Mismunandi litarefni er svo notað í blekið til að lita yfirborðið. Elstu minjar um blek sem fundist hafa eru frá átjándu öld fyrir Krist og fundust í Kína. Blekið var búið til úr náttúrulegum litarefnum plantna, dýrum eða úr steintegundum líkt og muldu grafíti sem blandað var við vatn. Fyrstu minjarnar sem byggðar eru á svipaðri efnasamsetningu og nútímablek eru frá 256 fyrir Krist, og fundust einnig í Kína. Hérlandis virðist jurtablek nær eingöngu hafa verið notað. Algengast var að nota sortulyng allt fram á 20. öld. Blöðin á lynginu voru soðin í vatni og þannig var blekinu náð úr lynginu. Hve lengi lyngið var soðið réði þykktinni á blekinu. Blekið var sterkt og þoldi slit og handfjötun vel, en ekki mikinn raka.

KOSTAÐI Á VIÐ ÞRJÁR KÝR

Guðbrandsbiblía er fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku. Hún var prentuð á Hólum í Hjaltadal og kennd við Guðbrand Þorláksson biskup þar. Prentuð voru 500 eintök og tók það tvö ár. Útgáfuár samkvæmt titilblaði er 1584. Biblían var öll prentuð í svörtum lit, nema hluti titilsíðu í rauðu. Brotið var stórt og blaðsíður 1242. Bókin var skreytt um þrjátíu myndum sem var nýjung í íslenski bókagerð. Biblían var dýr, hvert eintak kostaði 8-12 ríkisdali eftir því hve mikið var lagt í bandið.

Þetta voru tvö til þrjú kýrverð, eða rausnarleg mánaðarlaun á nútímamælikvarða. Bókin var endurprentuð á sama prentverki árin 1644 og 1728. Guðbrandsbiblía hefur tvisvar verið ljósprentuð sem næst í upprunalegri mynd. Lithoprent sá um fyrri útgáfuna árið 1956, og var upplagið 500 eintök. Bókaútgáfan Lögberg gaf bókina út aftur árið 1984, þegar minnst var 400 ára afmælis Guðbrandsbiblíu, og var upplagið 400 eintök. Upprunalegt eintak af Guðbrandsbiblíu er til sýnis á Þjóðminjasafni Íslands.




Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.